


Valgreinar

8. - 10. bekkur



Varmahlíðarskóli
haustið 2020

Námsval á haustönn 2020

Nemendur í 8. – 10. bekk.

Ágætu nemendur, foreldrar og forsjáraðilar.

Í þessu hefti er að finna upplýsingar um þau valnámskeið sem í boði verða veturinn 2020-2021. Hér er að finna lýsingu á valgreinum. Nemendum hafa verið sendar tvær kannanir þar sem þeir velja annars vegar fyrir haustönn og hins vegar vorönn.

Valið fer þannig fram:

- Nemendur fá senda tölvupósta á sitt skólanetfang. Þar opna þeir valblað og velja fyrir hvern vikudag. Nemendur merkja 1 við þá valgrein sem þeir vilja helst og svo koll af kolli.
- Nemendur verða að velja a.m.k. eina **verkgrein** og eina **listgrein**.

Hver nemandi þarf að velja eina verkgrein og eina listgrein á skólaárinu.

Haustönn:

Þriðjudagur kl. 12:40-14:00 8. - 10. bekkur	Miðvikudagur kl. 13:20-14:50 8. - 10. ekkur	Fimmtudagur kl. 9:15-10:35 8. - 10. bekkur	Fimmtudagur kl. 12:00-13:20 8. - 10. bekkur
Heimilisfræði BB Hámark 12	Árshátíðarval ÓAS/ Skilyrt 10. bekk	Textíl ÞH Hámark 12	Íþróttaval SHE
Málmsmíði EÖE Hámark 5	Stuttmynd UES Hámark 12	Málmsmíði EÖE Hámark 5	Málmsmíði EÖE Hámark 5
Skólahreysti SHE	Tónlistarval HRS Hámark 12	Smíðar ÓMA	Heimilisfræði BB Hámark 12
		Leikskólaval	UTN UES Einungis fyrir 10. b.

Athugið:

Nemendur sem stunda fullt tónlistarnám í einkatímum í Tónlistarskóla Skagafjarðar geta fengið nám sitt metið til einnar valgreinar (listgreinar).* Fjölskyldurnar þurfa sjálfar að greiða skólagjöld tónlistarskólans.

Nemendur sem stunda markvissar æfingar hjá íþróttafélagi geta fengið æfingarnar metnar til einnar valgreinar.* en skilyrði fyrir því er að æfingarnar séu a.m.k. þrisvar í viku (3x40 mínútur) og að nemandinn skili 80% mætingu á æfingar. Fjölskyldurnar þurfa sjálfar að greiða æfingagjöld íþróttafélagsins.

* Þeir sem hafa hug á að nýta sér þann valkost að fá valgrein metna vegna tónlistarnáms eða íþróttæfinga verða ásamt foreldri/forsjáraðila að skrifa undir samning vegna námsins með skólanum og Tónlistarskólanum eða íþróttafélaginu.

LÝSING Á NÁMSKEIÐUM

Heimilisfræði: Haustönn

Kennari: Bryndís Bjarnadóttir

Markmið: Nemendur þjálfist í almennri matreiðslu og bakstri, sjálfstæðum vinnubrögðum, geti tileinkað sér samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnst ýmsum tegundum hráefnis og geti nýtt það sem best.

Viðfangsefni: Hakk, fiskur, súpur, pasta, eftirréttur. Gerbakstur, hrært deig, hnoðað deig, og í lokin verða gerð piparkökuhús.

Bóklegt um næringarfræði, matvælafræði.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

Upplýsingatækni – UPPT1UT05 – Fyrir nemendur í 10. bekk, kennt allt skólaárið.

Kennari: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Markmið: Nemendur kynnist almennri notkun á PC-tölvum. Skjalavistun, Word, Excel, PowerPoint. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsmat: Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum og skil á verkefnum. Skilaskylda er á öllum verkefnum. Þau eru metin með reglulegu millibili. Próf úr Word í desember og samþættingu Word og Excel í maí. (Áfanginn er metinn inn í flest alla framhaldsskóla).

Stuttmyndagerð

Kennari: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur læri að taka upp efni, s.s. leiknar myndir, viðtöl og heimildamyndir.

Vinna með forrit til að klippa myndir, bæta við hljóðum o.fl.

- Unnið sjálfstætt, hvort sem er einn eða í hóp
- Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda
- Er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð

Námsmat: Leiðsagnarmat sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Málmsmíði

Kennari: Einar Örn Einarsson

Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur hanna og vinna verkefni úr málmi. Unnir eru hlutir þar sem gamlar skeifur eru þússaðar og soðnar saman og unnið úr þeim. Dæmi um málma: Kopar, eir, messing, ryðfrítt stál. Stefnt er að því að nemendur öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og geti hannað og smíðað hlut og valið til þess efni og viðeigandi verkfæri.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Skólahreysti

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Stöðvaþjálfun og skólahreystiþrautirnar reyndar reglulega.
- Farið er í styrktaræfingar fyrir alla vöðvahópa líkamans.
- Fræðsla um þol, kraft og styrk.
- Leikir eru fléttaðir inni hvern tíma í upphitun.
- Fræðsla um vöðvana, hlutverk, æfingar og teygjur.
- Fræðsla um púlsmælingar og hvernig er hægt að nýta hann í þjálfun.
- Teygjur og slökun í lok tíma þar sem nemendur fá að stjórna til skiptis.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Íþróttaval

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Allar algengustu hópíþróttagreinar teknar fyrir
- Farið í grunnæfingar líkamsræktar, stöðvaþjálfun og lært á tæki í tækjasal
- Fræðsla um þol, styrk og kraft og mismunandi áherslur í þjálfun.
- Að nemendur geri sér grein fyrir því að mataræði og hvíld hafa áhrif á líkamlega getu í líkamsrækt.
- Prófa að láta tvo nemendur í einu skipuleggja og stjórna hluta af tímunum.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Leikskólaval

Kennarar: Ýmsir leikskólakennarar.

Helstu markmið og viðfangsefni:

Helstu markmið og viðfangsefni: Mikilvægt er að þeir sem velja leikskólaval hafi áhuga á börnum og starfinu með þeim, séu tilbúnir að sýna frumkvæði og taka ábyrgð á þeim verkum sem þeim eru falin. Nemendur taka þátt í því starfi sem fram fer á hverjum tíma. Oft er farið í útiveru í garðinum, göngutúr eða út í skóg og því nauðsynlegt að vera alltaf með utanyfirfatnað. Ætlast er til að nemendur reyni að kynnast börnunum, taki þátt í því sem þau eru að gera, aðstoði þau, leiki við þau og sinni því sem kennararnir biðja þá um. Nemendunum er heimilt að koma með hugmyndir um verkefni eða leiki sem þeir hafa áhuga á að fara í með börnunum og kennarar leikskólans meta hvort hægt er að koma því í framkvæmd. Í leikskólanum er trúnaður mjög mikilvægur og þeir sem starfa þar þurfa að skrifa undir þagnarskyldu. Ekki má ræða um málefni einstakra barna utan leikskólans. Ekki má taka myndir af börnunum í leikskólanum. Ekki er heimilt að vera með GSM síma í starfi með börnunum.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Textílmennt (endurnýting, fatasaumur og blandaðar textílaðferðir)

Kennari: Þyrey Hlífarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- Skipuleggi eigin vinnuferli út frá hugmyndavinnu, umræðum og stöðugu mati á eigin vinnu.
- Læri að beita réttum vinnubrögðum og meðhöndla áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.
- Kynnist sjálfbærni og endurnýtingu í textílmennt og læri hvernig hægt er að endurnýta textílefni.
- Þekki fjölbreytt vinnubrögð í textílmennt.
- Læri að lesa og vinna eftir uppskriftum.

Dæmi um viðfangsefni, bundið val: Endurnýting, saumaður innkaupapoki sem fer í verkefnið “poki til láns” val um að gera flík eða nytjahlut sem unnin er úr endurnýtanlegum efniviði. Þrjón, flík eða nytjahlutur þrjónað eftir uppskrift. Jurtalitun, farið yfir hvaða jurtir eru helst notaðar í jurtalitun. Farið út að tína jurtir, þær hreinsaðar og soðið úr þeim seyði sem notað er til að lita garn.

Dæmi um viðfangsefni, val: fatasaumur að eigin vali, t.d. leggings, peysa, buxur, kjóll. Önnur viðfangsefni t.d. púðar, dúkar, töskur, vöggusett, hekl-/útsaumur.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Smíðar

Kennari: Óskar Már Atlason

Markmið: Nemendur eiga að teikna einfalda mynd af smíðishlut þar sem áhersla er lögð á form og útlit.

Viðfangsefni: Smíðaeefni í stofunni og úr skóginum. Nemendur velja á milli þriggja verkefna og eru þau skammel, ljósakróna fyrir kerti (í samstarfi við járnsmíðina) eða gestabók. Hægt er að samþætta smíðaverkefnið við FabLab. Þegar búið er að smíða einn þessara hluta er hægt að smíða hlut að eigin vali í samráði við kennara.

Námsmat: Símat þar sem metin er vinnusemi, hegðun og frumkvæði 50%. Vinnubrögð og verkefnaskil 50%

Árshátíðarval

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason og Trostan Agnarsson

Helstu markmið og viðfangsefni: Að skoða hlutverk einstaklingsins og tengsl hans við samfélagið. Margs konar æfingar í smærri verkefnum sem stækka smám saman eftir því sem árshátíðin nálgast. Farið yfir undirbúning hátíðarinnar frá sem flestum hliðum.

- Að þekkja sjálfan sig
- Að taka þátt í því að skapa persónu
- Auglýsingastarf
- Að æfa sig í því að lesa í huga annarra
- Að mynda og móta nútíðarheim sem byggist á fortíðargrunni

Námsmat: Símat í tímum, virkni, áhugi og hugmyndaauðgi.

Tónlistarval

Kennarar: Helga Rós Sigfúsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju.
- notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk,
- tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði.
- geta rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði.
- staðið með eigin tónsköpun eða tónlistarvali og rökstutt val sitt.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.